

**LAX - OG SILUNGSVEIÐI Í NET
Á VESTURLANDI ÁRIÐ 1996**

**Sigurður Már Einarsson og
Rúnar Ragnarsson**

Borgarnesi, febrúar 1997 VMST-V/97001X

X : Ekki má vitna til skýrslunnar nema með leyfi höfunda.

**VEIÐIMÁLASTOFNUN
*Bókasafn***

1. INNGANGUR.

Lax - og silungsveiði í net á Vesturlandi er eingöngu bundin við vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði. Á vatnasvæðinu er netaveiði stunduð í Gufuá, einni af þverám Hvítár og er veiði þar stuðnuð í einhverjum mæli frá 5 jörðum. Í aðalánni Hvítá er einnig stunduð umtalsverð veiði. Allt frá árinu 1991 hefur rétturinn til laxveiða í net verið leigður af veiðiréttarhöfum í þverám Hvítár á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst. Netaveiði er hins vegar stunduð í nokkrum mæli á vorin og ennfremur á haustin eftir 20. ágúst. Haustveiðarnar eru einkum stundaðar vegna nýtingar á bleikju, sem er að ganga á hrygningarstöðvar sínar í efri hluta Hvítár. Rík hefð er á þessari nýtingu í Hvítá og standa veiðar oft fram í nóvember. Alls eru 52 jarðir á skrá sem rétt hafa til slíkrar nýtingar.

Ennfremur eru laxveiðar stundaðar í sjó á Vesturlandi frá fimm jörðum sem hafa haft undanþágu til slíkra veiða. Á árinu 1996 var laxveiði stunduð frá Kúludalsá og Innra Hólmi við Hvalfjörð. Á Mýrum var veiðin leigð í fyrsta sinn frá Rauðanesi I-III og þar var engin veiði stunduð á árinu 1996. Að Þursstöðum var engin veiði stunduð en rétturinn til laxveiða þar var keyptur á árinu 1995. Á Lambastöðum var veiði eingöngu stunduð í ágústmánuði, en rétturinn til veiða að öðru leyti leigður.

Í þessari skýrslu verður greint frá lax - og silungsveiði í net á árinu 1996.

2. AÐFERÐIR.

Veiðiskýrslur um lax - og silungsveiði í net voru sendar til allra aðila sem hafa rétt til veiðinytja. Á veiðiskýrslunum er farið fram á að veiðiréttarhafar sundurliði afla eftir tegundum, dagsetningu og telji fram fjölda veiddra og þyngd í kg. Þar sem þyngd á bleikju og urriða vantaði á nokkrar skýrslur, var í slíkum tilfellum áætlað að hver fiskur væri að jafnaði 0,7 kg. Ennfremur vantaði víða dagsetningu veiðinnar og var því eingöngu reiknuð heildarveiði fyrir landi hvernar jarðar og því ekki sundurliðuð veiði eftir tímabilum.

3. NIÐURSTÖÐUR.

Í Gufuá bárust skýrslur frá öllum jörðum á skrá. Heildarlaxveiði varð 196 laxar og var þyngd þeirra alls 291,5 kg (Tafla 1). Einnig veiddust 17 bleikjur og 25 urriðar.

Í Hvítá bárust skýrslur frá 40 jörðum, en skýrslur vantaði frá 12 jörðum. Af þeim 40 jörðum sem skiluðu veiðiskýrslu kom fram að veiði var stunduð frá 24 jörðum, en frá 16 jörðum var engin veiði stunduð. Heildar laxveiði í Hvítá varð 127 laxar (Tafla 1) og var heildarþyngd þeirra 370,3 kg. Bleikjan var uppistaða veiðinnar og veiddust 2672 bleikjur og var heildarþyngd þeirra 1935,9 kg. Auk þess veiddust 433 urriðar, alls 264,8 kg að þyngd.

Laxveiði í sjó varð 3513 laxar og alls 10539 kg (Tafla 1). Engin silungsveiði kom fram í sjávarlögnum.

Á Vesturlandi veiddust því alls 3836 laxar í net, 2689 bleikjur og 458 urriðar (Tafla 1).

4. UMRÆÐUR.

Af niðurstöðum má ráða að bæta þarf skýrsluhald við vatnakerfi Hvítár og vantar því án efa nokkuð upp á að skýrsluhald gefi rétta mynd af veiðinni. Hér skal þess einnig getið að dorgveiði í gegnum ís er vinsælt tómstundagaman við vatnasvæði Hvítár, en slík veiði er einkum stunduð á neðsta hluta Norðurár og Grímsár. Engar skýrslur eru til um þá veiði og væri ástæða til að gera átak til að fá skýrslur um umfang þeirrar veiði.

Tafla 1.

Lax - og silungsveiði í net á Vesturlandi árið 1996.

Veiðivatn	Lax		Bleikja		Urriði	
	Fjöldi	Þyngd kg	Fjöldi	Þyngd kg	Fjöldi	Þyngd kg
Gufuá	196	291,5	17	7,5	25	15,0
Hvítá	127	370,3	2672	1935,9	433	264,8
Hvítá alls	323	661,8	2689	1943,4	458	279,8
Sjávarveiði	3513	10539	0	0	0	0
Vesturland	2836	11200,8	2689	1943,4	458	279,8